



Fundur hreppsnefndar 26. apríl 2012

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 26. apríl 2012 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði..

Mætt fundinn voru Þórunn Egilsdóttir, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður E., Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Guðnadóttir og Bárður Jónasson.

Jafnframt var mættur sveitarstjóri Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Áður en gengið var til dagskrár óskaði oddviti eftir því að nýr dagskrárliður yrði tekinn á dagskrá "Frumvörp um stjórn fiskveiða og veiðigjald". Fram kom athugasemd um það að málið yrði tekið á dagskrá með þessum hætti.

Fram komin tillaga um breytta dagskrá síðan borin undir atkvæði og samþykkt með 5 atkvæðum, 2 sátu hjá. Dagskrárliðurinn verður tekinn fyrir undir 11. og síðasta tl. fundarins.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 12. apríl sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 12. apríl sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 20. apríl sl.
Fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 20. apríl sl. lögð fram.
Sveitarstj. kvaddi sér hljóðs undir 5. tl. fundargerðarinnar og gerði grein fyrir lagnaleiðum fyrirhugaðs rafstrengs.
Ábending kom einnig fram um að hugsanlega væri heppilegra að fá skriflegt samþykki nágretta varðandi afgreiðslu á 4. tl. fundargerðarinnar.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

3. mál. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 18. feb. sl., ásamt bréfi nefndarinnar frá 13. apríl sl.
Lögð fram fundargerð landbúnaðarnefndar frá 18. feb. sl., ásamt bréfi nefndarinnar frá 13. apríl sl., varðandi fjárhelda girðingu með vegi austan Hofsár.
Í bréfinu er óskað eftir því að sveitarfélagið gangist fyrir því að unnin verði ein umsókn með teikningu fyrir alla girðinguna, sem hugsuð er báðu megin vegar frá landamerkjum Krossavíkur og Syðri-Víkur að utan og inn að Sunnudalsá.
Hreppsnefnd Vopnafjarðar tekur jákvætt í hugmyndina og mælir með því að unnið verði að gerð slíkrar umsóknar, til Vegagerðarinnar, í samvinnu sveitarfélagsins, landbúnaðarnefndar og hlutaðeigandi landeigenda.
Afgreiðsla þessi var samþykkt samhljóða með 7 stkvæðum.

4. mál. Læknisleysi á Vopnafirði. Hvað skal gera?

Gerð var grein fyrir læknisleysi, sem hefur verið á Vopnafirði bæði á þessu og síðasta ári og óþægindum og óvissu sem íbúar sveitafélagsins búa við af þessum sökum.

Forsvarsmenn sveitarfélagsins hafa margoft mótmælt því harðlega að grunnlæknisþjónusta sé tekin frá Vopnafirði í þeim einum tilgangi að spara fjármuni á kostnað öryggis íbúanna.

Í þessu sambandi hefur ítrekað verið rætt við forsvarsmenn Heilbrigðisstofnunar Austurlands og Velferðarráðuneytisins og óskað úrbóta í þessum efnunum. Þrátt fyrir allar þessar óskir hefur ekkert borið á úrlausnum, sem draga úr þeirri óvissu sem skapast vegna þessa ástands ef/og þegar vá ber að höndum. Það er fullkomlega óviðunandi að stjórnvöld velferðarmála skapi viðlíka óvissu og óöryggi fyrir íbúa samfélaga eins og hér hefur verið lýst.

Svofelld ályktun var lögð fram:

“ Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps ítrekar fyrri mótmæli sín, þar sem því er harðlega mótmælt að grunnlæknisþjónusta sé tekin af Vopnafirðingum í sparnaðarskyni á kostnað öryggis íbúa sveitarfélagsins.

Það getur ekki verið ásættanlegt að sveitarfélag sé haft læknislaust í sparnaðarskyni og þannig tekin áhættan á því að engin erfið læknistilfelli komi upp á sparnaðartímabilinu.

Vopnafjörður er í 135 km fjarlægð frá Egilsstöðum, þar sem næst er unnt að ná í lækni, ef vá ber að dyrum, þegar læknislaust er á Vopnafirði. Jafnframt er um háa fjallvegi í um 600 metra hæð yfir sjávarmáli að ræða svo allsendis er óvíst hversu öruggt er að komast milli þessara staða þegar brýna nauðsyn ber til.

Á Vopnafirði er góður flugvöllur, sem æskilegt er að nýta fyrir sjúkraflug, þegar erfið súkratilfelli koma upp, frekar en að aka sjúklingum fyrst um langa fjallvegi austur yfir heiðar og fljúga síðan þaðan, að því ferðalagi loknu, til ýmist Akureyrar eða Reykjavíkur.

Með ályktun þessari er þess krafist að læknislausir dagar verði ekki fleiri á Vopnafirði og að sjálfssögð grunnþjónusta á sviði lækninga verði til staðar þar, eins og á öðrum þéttbýlisstöðum landsins, sem búa við sambærileg skilyrði”.

Eftir umræður á fundinum var fyrirbyggjandi tillaga samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum og sveitarstjóra falið að senda hana til Velferðarráðuneytis, Heilbrigðisstofnunar Austurlands og þingmanna kjördæmisins.

Jafnframt var samþykkt að óska eftir fundi með velferðarráðherra.

5. mál Samþykkt um gatnagerðargjald, byggingaleyfisgjald, stofngjald holræsa og vatnsveitu í Vopnafirði. -Endurskoðun-

Fyrir fundinum lá samþykkt Vopnafjarðarhrepps um gatnagerðargjöld, byggingaleyfisgjöl, stofngjald holræsa og vatnsveitu.

Oddviti gerði grein fyrir því að komin væri tími á að endurskoða samþykktirnar, bæði vegna tegundar gjalda, lagatiltvinnana og fleiri atriða.

Lagt var til að sveitarstjóra yrði falið að láta vinna drög að nýjum samþykktum, vegna ofangreindra gjalda, sem síðan yrðu lagðar fyrir sveitarstjórn til endanlegrar yfirferðar og samþykktar.

Málmeðferð þessi var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

6. mál. Kosning fulltrúa á aðalfund SSA. Þrír aðalfulltrúar og þrír til vara.

Aðalfundur SSA verður haldinn dagana 14. og 15. sept. nk. á Borgarfirði eystri. Kjósa þarf þrjá aðalfulltrúa og jafnmarga til vara.

Tillaga kom fram um að aðalmenn verði: Guðrún A. Guðnadóttir, Bárður Jónasson og Sigríður Konráðsdóttir og til vara verði Björn Hreinsson, Þórunn Egilsdóttir og Eyjólfur Sigurðsson.

Fyrirbyggjandi tillaga var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

7. mál. Bréf Sambands Ísl. Sveitarfélaga, varðandi endurgreiðslu á vsk., vegna kaupa á slökkvibifreiðum og tengdum hlutum.

Lagt fram bréf Sambands Ísl. sveitarfélaga frá 20. apríl sl., þar sem greint er frá samkomulagi við ríkisvaldið um endurgreiðslur á virðisaukaskatti vegna slökkvibifreiða og slökkvibúnaðar.

Samkvæmt samkomulaginu er við það miðað að slýkar endurgreiðslur, vegna fyrri ára verði gerðar upp á árinu og framvegis verði endurgreiðslurnar afgreiddar við framlagningu reikninga til samræmis við fyrirkomulag annarra endurgreiðslna á virðisaukaskatti.

Hreppsnefnd fagnar því að nú hylli undir lúkningu uppgjörs vegna umræddra greiðslna og lýsir jafnframt yfir ánægju með ákvörðun um breytt fyrirkomulag þessara mála.

8. mál. Lánasjóður Sveitarfélaga ohf. bréf dags., 11. apríl, varðandi arðgreiðslu.

Lagt fram bréf Lánasjóðs sveitarfélaga frá 11. apríl sl., þar sem tilkynnt er að hlutur Vopnafjarðarhrepps í sjóðnum er 0,68 % og arðgreiðsla er 3.233.400 kr. og að frádregnum 20 % fjármagnstekjuskatti greiðist sveitarfélaginu 2.586.720 kr.

9. mál. Drekasvæðið. - Staða mála-

Gerð var grein fyrir fundum, sem haldnir hafa verið um málið með helstu aðilum sem hafa unnið að undirbúningsvinnu mála tengdum olíuleit á Drekasvæðinu og þjónustu við leitaraðila sem hugmyndin er að þjónusta frá Vopnafirði og Langanesbyggð.

Jafnframt greint frá næstu skrefum í þessu sambandi.

Nokkrar umræður urðu um þessi mál og svaraði sveitarstjóri fyrirspurnum fundarmanna.

10. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Bréf Innanríkisráðuneytisins dags. 2. apríl sl., varðandi breytingu á verkaskiptingu.

Lagt fram til kynningar.

b) Fundargerð XXVI. Landsþings sambands ísl. Sveitarfélaga frá 23. mars sl.

Lagt fram til kynningar.

c) Bréf Rsk. frá 13. apríl sl., varðandi álagningarprósentu útsvars 2012, vegna tekna 2011.

Lagt fram til kynningar.

d) Bréf Menningarráðs Austurlands frá 29. mars sl., varðandi styrkveitingu.

Lagt fram til kynningar

11. mál. Frumvörp til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjalds.

Gerð var grein fyrir fyrirbyggjandi frumvörpum um stjórn fiskveiða og veiðigjald. Talsverðar umræður urðu um þessi mál, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Í máli þeirra flestra kom fram að mikilvægt væri fyrir Alþingi að vanda sig vel við lagagerð af þessum toga og að nauðsynlegt væri að áhrifin yrðu skoðuð betur af hlutlausum aðilum og gerð nánari grein fyrir áhrifum frumvarpanna á atvinnulíf sjávarbyggða landsins bæði á fyrirtæki og einstaklinga.

Í framhaldi var lögð fram svofelld tillaga að ályktun vegna fyrirbyggjandi frumvarpa á Alþingi til stjórnar fiskveiða og veiðigjalda:

„Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps varar Alþingi sterklega við því að samþykkja óbreytt fyrirbyggjandi frumvarp til laga um stjórn fiskveiða mál nr. 657 og frumvarp til laga um veiðigjöld mál nr. 658.

Hreppsnefnd telur nauðsynlegt að áhrif frumvarpanna verði reiknuð út af hlutlausum aðilum og niðurstöður þeirra útreikninga kynntar opinberlega áður en lengra verður haldið. Meðal annars verði skoðuð áhrif skattlagningar, tímalengd nýtingarleyfa stækkun potta, takmörkun á viðskiptum með aflamark, skattlagning viðskipta með aflahlutdeild og önnur þau áhrif, tengd umræddum breytingum, sem geta haft áhrif á atvinnulíf á Vopnafirði bæði hjá fyrirtækjum og einstaklingum.“

Skýring:

Greinargerð óháðara sérfræðinga, sem fylgir frumvörpunum og sem unnin var að beiðni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, ætti ein og sér að duga þingmönnum til að staldra við og ígrunda gaumgæfilega áhrif lagasetningarinnar á rekstur og afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og á sjávarbyggðir landsins.

Sérfræðingarnir búast við misjöfnu rekstrarumhverfi á næstu árum meðan útgerðin lagar sig að breyttum aðstæðum og segja að áformuð lagasetning muni verða mjög íþyngjandi fyrir rekstur sjávarútvegsfyrirtækja. Ennfremur að hækkun veiðigjalds muni án efa kippa stoðum undan skuldsettari útgerðarfyrirtækjum.

Þá benda sérfræðingarnir á að byggðaaðgerðir frumvarpsins séu ólíklegar til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að, enda skorti enn þann langtímastöðugleika sem getur skapað grundvöll fyrir uppbyggingu atvinnulífs í sjávarbyggðum.

Hreppsnefnd telur að þessi varnaðarorð, sem fylgja frumvörpunum, séu meira en næg ástæða fyrir þingmenn til að skoða málin frekar þ.a. ljóst verði hvaða áhrif lagasetning þessi hefur á uppbyggingu atvinnulífs í sjávarbyggðum landsins.

Fyrirliggjandi tillaga var síðan samþykkt með 5 atkvæðum 2 sátu hjá.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.00